

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Bjarkavelli nr. 1 í Hafnarfirði.

Leiðrétting á auglýsingu sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 12. apríl sl. nr. 315/2007:

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 6. febrúar 2007 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bjarkavelli nr. 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað 3-4 hæða byggingar með 79 íbúðum, verður reist 3-5 hæða bygging með 101 íbúð á lóð nr. 1 við Bjarkavelli. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 26. apríl 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2007